

Morgunblaðið

Utg.: H.f. Arvakur, Reykjavík.
 Framkvæmdastjóri: Sigmundur Jónsson.
 Ritstjórnar: Valtýr Stefánsson (ábm.)
 Sigurður Bjarnason frá Vigur.
 Matthías Johannessen.
 Eyjólfur Konráð Jónsson.
 Lesbók: Arni Óla, sími 33045.
 Auglýsingar: Arni Garðar Kristinsson.
 Ritstjórn: Aðalstræti 6.
 Auglýsingar og afgreiðsla: Aðalstræti 6. Sími 22480.
 Askriptargjald kr. 45.00 á mánuði innanlands.
 Í lausasölu kr. 3.00 eintakið.

MÁ ALMENNINGUR EIGA ÍBÚÐIR?

Kommúnistar minna stund-
 um óvart á „Gulu bók-
 ina“ svonefndu, sem mest
 var rætt um fyrir bæjar-
 stjórnarkosningarnar 1958.
 Höfundar „Gulu bókarnar“,
 Hannes Pálsson og Sigurður
 Sigmundsson, hafa nýlega
 verið endurkosnir í húsnæðis
 málstjórn af Framsóknar-
 mönnum og kommúnistum
 til að undirstrika hina ó-
 breyttu stefnu í húsnæðis-
 málum. Og Guðmundur Vig-
 fússon og flokksbræður hans
 hamra stöðugt á því í bæjar-
 stjórn, að megináherzlu eigi
 að leggja á að ríki eða bæj-
 arfélög eigi íbúðir og leigi
 þær út, en ekki að einstak-
 lingar eignist sitt húsnæði.

Meginefni „Gulu bókarnar“
 var á þá leið, að torvela
 skyldi byggingar einstak-
 linga á allan hátt, takmarka
 umráðarétt þeirra yfir því
 húsnæði, sem þeir ættu fyr-
 ir og jafnvel skattleggja
 menn fyrir það að búa í sín-
 um eigin íbúðum.

Stefna Sjálfstæðisflokksins
 hefur verið og er sú að
 leggja á það megináherzlu að
 sem allra flestar fjölskyldur
 geti eignast sitt eigið hús-
 næði. Bæjarstjórn Reykjavíkur
 hefur unnið stórafrek við
 að aðstoða efnalítar fjöl-
 skyldur til að eignast sínar
 eigin íbúðir. Meginstefnan
 hefur verið sú, að hver fjöl-
 skylda eignaðist íbúð. Að
 vísu er alltaf þörf á nokkrum
 leiguíbúðum og hefur bæj-
 arstjórnin einnig haft þær,
 þó að hún legði áherzlu á að
 menn eignuðust íbúðirnar
 frekar. Kommúnistar aftur á
 móti leggja á það megin-
 áherzlu, að sem allra mest
 sé af leiguíbúðum og því
 fjármagni, sem bærinn hefur
 til húsbýgginga sé varið til
 byggingar leiguíbúða. Það er
 þarna sem skilur á milli. —
 Kommúnistar vilja umfram
 allt koma í veg fyrir að ein-
 staklingar og fjölskyldur geti
 orðið efnalega sjálfstæðar, en
 Sjálfstæðisflokkurinn leggur
 megináherzlu á, að sérhver
 geti eignast eitthvað og stað-
 ið á eigin fótum.

6,6 MILLJÓNIR DOLLARA ÓNOTAÐIR

Eins og landsmönnum er
 kunnugt tryggði ríkis-
 stjórnin sér rúmlega 20
 milljón dollara yfirdráttar-
 heimildir, þegar nýja efna-
 hagslöggjöfin var sett til þess

að geta komið á frjálsræði í
 viðskiptum og greitt upp ó-
 reiðuskuldir frá tímum
 vinstri stefnunnar. Var ekki
 talið varlegt að hafa þessa
 upphæð lægri.

Nú er hinsvegar komið á
 daginn, að ónotaðar eru 6,6
 milljónir dollara af þessari
 upphæð, svo að einnig á
 þessu sviði hefur viðreisnin
 gengið betur en þeir bjart-
 sýnustu þorðu að vona. Sá
 hluti yfirdráttarheimildanna,
 sem notaður hefur verið,
 hefur einungis farið til að
 greiða lausaskuldir bankanna
 erlendis, en þær voru orðnar
 svo gífurlegar, að við lá að
 algjör stöðvun yrði á gjald-
 eyrisyfirlæsum.


Ástæðan til þessarar stór-
 bættu afkomu er auðvitað
 fyrst og fremst þeir heil-
 brigðu viðskiptahættir, sem
 fylgdu í kjölfar viðreisnar-
 innar en vegna þeirra hefur
 gjaldeyrisstaðan batnað um
 240 milljónir króna á árinu
 1960, en versnaði um svip-
 aða upphæð árið áður. Er því
 þegar hverjum manni aug-
 ljóst, að fjárhagur Íslendinga
 mun stórbatna í framtíðinni,
 ef menn kunna fótum sínum
 forráð og forða þjóðinni frá
 niðurrífi kommúnista og
 þeirra afla innan Framsókn-
 arflokksins, sem dyggilega
 styðja þá.

MINKAELDI LEYFT?

Tillögur um að leyfa minka-
 eldi að nýju hér á landi
 virðast nú vera að öðlast al-
 mennt fylgi. Meðal þeirra,
 sem lýst hafa fylgi sínu við
 þá hugmynd, eru veiðimála-
 stjóri, Sölumiðstöð hrað-
 frystihúsanna, Samband ís-
 lenzkra samvinnufélaga, og
 landbúnaðarnefnd neðri deild
 ar, sem vísað hefur frum-
 varpi því sem liggur fyrir
 Alþingi um þetta efni til rík-
 isstjórnarinnar með tilmæl-
 um um að undirbúin verði
 lagasetning í þessa átt fyrir
 næsta Alþingi.

Öll rök virðast líka mæla
 með því að leyfa þennan at-
 vinnuveg. Villiminknum verð
 ur ekki útrýmt úr þessu og
 fullvel er hægt að búa um
 minkabúr, svo að sáralitlar
 líkur séu til að dýr sleppi.
 Sagt er að aðstæður hér-
 lendis til minkaeldis séu
 hinar beztu, rakt loftslag
 geri skinnin fállegri og betri
 og fæðan er að mestu leyti
 fiskur og fiskúrgangur.

ÚR ÝMSUM ATTI



Þannig telur einn vísindamaðurinn að líti út á Venus.

Leyndardómar Venusar

VENUS hét ástargyðjan í
 Rómaveldi hinu forna. —
 Þar sem hún var ósvikin
 kona, var hún að sjálf-
 sögðu dularfull. Sama gild
 ir varðandi reikistjörnu-
 na Venus.

Í rauninni er lítið vitað
 um þessa plánetu, því
 hún sést ekki. Það sem
 sést er hið þetta rykfufu-
 hvolf, sem umlykur hana.


Venus er nágranni jarðar.
 Hún er önnur plánetu frá
 sólu og loftslag hlýtur að
 vera þar hlýrra en á jörðu,
 sem er í þriðju röð frá sólu.
 Venus er einnig sú reiki-
 stjarnanna, sem kemst næst
 jörðu. Hún gengur nærri
 hringlaga braut umhverfis
 sólina og er þar því enginn
 munur á árstíðum.

LÍF Á VENUS?

Þar sem ekki er unnt að
 sjá sjálfa stjörnuna, er úti-
 lokað að segja um það hvort
 Venus snýst um sjálfa sig
 eins og jörðin. En talið er
 að hún geri það ekki, og er
 þá sífelldur dagur á öðrum
 helmingi hennar en nótt á
 hinum. Og hitamunurinn á
 dag og næturhelmingnum
 hlýtur að vera mjög mikill.
 En þótt Venus sé hulin ó-
 gagnsæu ryki, hafa vísindin
 samt sem áður fundið leiðir
 til að fá vitneskju um hana.
 Ein þessara leiða er litsjái-
 n eða spektroskópíð. Eins og

Enn hefur búnaðarþing
 ekki sagt álit sitt á þessari
 nýju atvinnugrein, en þess
 er að vænta að það lýsi einn
 ið stuðningi við hana og mál-
 ið ná fram að ganga, því að
 vissulega þurfum við Íslend-
 ingar að renna stoðum undir
 fleiri greinar atvinnulífs.

prismað klýfur ljósið í alla
 liti regnbogans, klýfur lit-
 sjáin efni í liti. Litsjái-
 n fundið mikið koldíoxýd á
 Venusi. Þetta bendir til þess
 að möguleikar séu fyrir
 plöntulíf á stjörnunni. Hins
 vegar hefur ekki orðið vart
 við súrefni, sem bendir til



Braut rússneska geimskip-
 ins. —

þess að ekki sé þar plöntulíf,
 því plöntur kljúfa koldíoxýd
 í súrefni og kolefni.

Hand og listiðnaðar sýning í Munchen

EINS og undanfarin ár mun fara
 fram í München í Þýzkalandi
 sýning á handið og listið ýmis
 konar. Að þessu sinni verður
 sýningin haldin dagana 31. maí
 til 11. júní n.k.

Íslenzkir liðstiðnaðarmenn hafa
 tvívegis tekið þátt í þessari sýn-
 ingu og hlotið góða dóma. Er þess
 skemmst að minnst að Ásgerður
 Búadóttir hlaut þar gullverðlaun
 fyrir myndvefnað fyrir nokkrum
 árum. Einnig fékk íslenska sýn-
 ingardeildin gullverðlaun fyrir
 smekklegt og frumlegt fyrir-
 komulag muna.

Á þessu ári er ætlunin, að frum-
 kvæði Vörusýningarnefndar að

SÍFELLDIR STORMAR

Frank E. Ross prófessor
 Mount Wilson við rannsóknar
 stöðina í Bandaríkjunum tel-
 ur að yfirborð Venusar sé
 þakið rauðgerðri moldar, og
 steintegund, sem sé mjög
 þurr. Hitinn á daghelmingnum
 mun vera um 100 gráður
 (Celsius). Á næturhelmingnum
 er að sjálfsögðu ískalt.

Mikill hitamunur orsakar
 mikla storma. Svo loftslagið
 á Venusi er sennilega mjög
 óþægilegt jarðarbúum.

Árið er 227,4 dagar á Ven-
 usi. Eðlisþyngd á stjörnunni
 er 0,85 af eðlisþyngd á jörð-
 inni, sem þýðir það að maður,
 sem vegur 100 kíló á
 jörðinni vegur aðeins 85 kíló
 á Venusi.

Af þeim nú plánetum,
 sem ganga umhverfis sólu,
 er Venus sú sem minnst
 er vitað um. Ef geimskip-
 ið rússneska kemst til
 þessarar dularfullu plá-
 netu og getur sent þaðan
 myndir, eins og myndirnar
 af bakhlíð tunglsins, er
 það stórafrek.

(Úr Ekstrabladet).

skapa íslenskum hand- og listiðnaðarmönnum möguleika á að
 sýna nokkra úrvalsmuni, og hef-
 ur nú um það samizt, að félag
 húsgagnaarkitekta sjái um ís-
 lenzka deild á sýningunni, og
 mun formaður félagsins Hjalti
 Geir Kristjánsson, gefa allar upp
 lýsingar þar að lútandi.

Lögð verður á það áherzla, að
 einungis það bezta og vandað-
 asta verði sent til München, en
 þeir listmunir, sem helzt koma
 til greina eru húsgögn, gull-,
 silfur-, og önnur málmsmiði
 beinvinna, vefnaður, leirker o. fl.,
 sem einkum lýtur að hífylapryði.